

Uppfinningamaður á Fljótsdalshéraði vinnur að smíði eilífðarvélar Ætlar að leysa orkuvanda heimsins í eitt skipti fyrir öll



Sigurður Sigbórsson uppfinningamaður smíðar nú raforkuframléiðsluvélina Orkuslá, sem hann segir geta komið í stað kola og olíu.

Á BÆNUM Tunghaga á Völlum, skammt frá Egilsstöðum, býr uppfinningamaðurinn Sigurður Sigbórsson. Hann hefur um árabil unnið að smíði ýmissa véla og tækja, en síðustu árin einkum einbeitt sér að gerð vélar sem hann nefnir Orkuslá. Hún býr til rafmagn og er þeirrar náttúru að búa til miklu meiri orku en hún þarf til framleiðslunnar og er því sjálfbær. Gangi hönnun Sigurðar upp er komin fram á sjónarsviðið n.k. eilífðarvél, sem gæti leyst orkuvanda heimsbyggðarinnar og komið í stað olíu og kola.

Sigurður segir að unnt verði að framleiða

raforku í stórum stíl með Orkuslánni sem hann hefur unnið að frá árinu 1995. Til þess þurfi hvorki vatn, vind, kjarnorku, sólarorku né aðra þekkta orkugjafa. Hann segir Orkuslána nota þyngdaraflið og örlitla raforku, sem samsvari 140 króna nýtingu á sólarhring. Vélin noti hvorki bruna né önnur mengandi efni og sé algerlega umhverfisvæn og sjálfbær.

"Strax frá byrjun hef ég verið sannfærður um að þetta er hægt," segir Sigurður. "Ég byrjaði á því að leita til allra sjóða í landinu en út úr því kom ekkert. Í kjölfarið gerði ég mér grein fyrir að ég yrði að smíða vélina til að menn tryðu mér og legðu í hana fé. Ég er nú á endasprettinum með smíðina, en vantar um hálf milljón króna til að ljúka henni og er stopp vegna peningaskorts. Ég fékk 600 þúsund króna styrk frá Framleiðnisjóði landbúnaðarins í verkefnið, 300 þúsund hjá Byggðastofnun og 200 þúsund frá löntæknistofnun, en kostnaðurinn við smíðina er hins vegar um 3 milljónir króna."

Sigurður vill ekki láta uppiskátt um gerð Orkuslárinnar, sem eðlilegt er, en hefur sótt um einkaleyfi á henni. Hann segir að vél af þeirri stærðargráðu sem hann smíði nú, geti framleitt minnst 3 kílóvött, en mest um 8 kílóvött. 600 vött fara í að knýja hana.

Sigurður segist vera búinn að hugsa um og smíða vélar alla ævina. "Þeir á Einkaleyfastofnunni segja að ég hafi frjóa hugsun," segir hann og hlær við. "Það var líka það eina sem ég fékk út úr þeim." Minnugur þess að menn töldu jörðina einu sinni flata eins og pönnuköku segir Sigurður ýmsa sérfræðinga álíta að þar sem hugmyndin að baki Orkuslánni gangi öndvert á þekkt eðlisfræðilögmál, geti hún ekki virkað. "Ég hef auðvitað haft samband við ýmsa aðila og kynnt þetta. Menn hjá Orkuveitu Reykjavíkur treystu sér hvorki til að taka afstöðu með eða á móti hugmyndinni, sem er kannski ekki skrítið, því hefðu þeir gefið henni grænt ljós væru

þeir að taka afstöðu á móti eðlisfræðinni. En það er ekki hægt að afneita staðreyndum og hér er sú staðreynd uppi á borðinu að hægt er að smíða vél sem framleiðir miklu meiri orku en hún notar. Hins vegar minna viðbrögð manna við Orkuslánni mig á söguna um þýska verkfræðinginn, sem stofnaði fyrir mörgum árum verksmiðju og framleiddi óslítandi dekk undir bíla. Hann var í snarhasti keyptur upp og framleiðslan og hugmyndin að henni látin hverfa."

En nú situr Sigurður fastur með Orkuslána uns honum tekst að snara út hálfri milljón fyrir afganginum af þeim vélarhlutum sem hann vantar til að ljúka smíðinni. Hann segist ekki ætla að gefast upp þrátt fyrir að vita ekki gjörla hvert skal leita um fjármagn, en einnig hefur heilsuleysi hamlað honum undanfarið.

Sigurður er spurður að því hvað muni gerast þegar hann hefur lokið til fulls smíði Orkuslárinnar. "Fyrsta skrefið er að prófa þetta," svarar hann. "Ég framleiði í byrjun rafmagn fyrir sjálfan mig. En þetta mál allt saman felur bara í sér miklu meira. Þegar og ef menn viðurkenna að Orkuslái virkar er búið að leysa mikinn vanda í sambandi við raforkuframleiðslu því að þetta getur alls staðar verið og leyst olíu og kol af hólmi. Hér á Íslandi er auðvitað nóg af vatnsorku en Orkuslái gæti nýst úti í heimi þar sem um slíkt er ekki að ræða."

Sigurður Sigbórsson uppfinningamaður býr og starfar á Tunghaga á Völlum, í nágrenni Egilsstaða. Hann telur sig nú hafa fundið upp eilífðarvélina, hvorki meira né minna. Húsið lætur ekki mikið yfir sér - lítið tveggja hæða sveitabýli svipað hundruðum húsa víðs vegar um landið. Í næsta nágrenni er gamalt verkstæði sem nú er nýtt til framleiðslu á frauðplasti til einangrunar og allt í kring standa gamlir bílar af öllum stærðum og gerðum. Gömul Volkswagen bjalla vekur sérstaka athygli og einnig gamlar dráttarvélar af ýmsum stærðum og gerðum. Nei annars, þetta er ekki alveg nógu nákvæmt - gamla versktæðið er ekki allt nýtt undir frauðplastverksmiðju - þar er einnig vinnuaðstaða einnar af þessum hvursdagshetjum samtímans, Sigurðar Sigbórssonar. Sá hefur undanfarin ár hugsað mikið enda er það nauðsynlegt í hans starfi - hann er uppfinningamaður.

Það er eitt hlutverk uppfinningamanna að skoða ýmsa hluti og verkefni Sigurðar eru að sjálfsgöðu fjölmörg. Þar á meðal er hönnun á brúsum ýmiss konar, bensínstútum, vélum og jafnvel heilu bílunum. En það er eitt viðfangsefni sem tekur allan tíma uppfinningamannsins um þessar mundir - viðfangsefni sem vekur athygli okkar - Sigurður er nefnilega að smíða eilífðarvél. Við útskýrum auðvitað ekki hér hvernig vélin virkar - enda er það leyndarmál en vonum innilega að starf uppfinningamannsins skili árangri enda myndi það gjörbreyta þeirri heimsmynd sem við þekkjum í dag.

Í stuttu máli er eilífðarvél tæki sem býr til meiri orku en fer inn í hana, samkvæmt kenningunni ætti t.d. að vera hægt að stinga vélinni í samband við sjálfa sig en samt myndi hún skila afgangorku. Þetta er búinn að vera draumur mannkyns frá örófi alda og margir snjallir hugsuðir heimsins hafa glímt við verkefnið en fram að þessu án árangurs. Ef slík vél liti dagsins ljós gæti t.d. hvert heimili haft slíkt tæki í skúr fyrir utan húsið hjá sér, engir orkureikningar bærust frá Rarík, húshitunarkostnaður á landsbyggðinni væri ekki lengur vandamál og ekki þyrfti að virkja frammar, hvorki við Eyjabakka eða Kárahnúka. Hljómar fallega en er því miður aðeins flóknara en það! En gefum uppfinningamanninum aðeins orðið: "Það var í júní eða júlí árið 1995 sem ég fékk hugmyndina að vélinni, sem ég hef kosið að kalla orkuslá. Þetta er búnaður til raforkuframleiðslu sem ég teiknaði og samdi lýsingu á og í kjölfarið sótti ég um einkaleyfi á hugmyndinni. Búnaðurinn er algerlega umhverfisvæm og ég hélt að ég væri kominn með góða

hugmynd sem auðvelt væri að koma á framfæri en það var öðru nær". Og það eru líkur á að heimurinn breytist ekki alveg strax því nú er Sigurður strand og ástæðan er mjög íslensk og nánast pínulítið hlægileg þegar svona stórt mál á í hlut - uppfinningamanninn vantar krónur og aura til að klára smíði á vélinni. Vélin er þannig byggð að ekki er hægt að smíða lítið módel til að prófa græjuna, heldur þarf að smíða hana í fullri stærð strax og það kostar peninga. Í dag vantar Sigurð aðeins um sjö hundruð þúsund krónur til að klára uppfinningu sína og ljúka þannig verkefni sem hann hefur unnið að síðustu fimm árin. Hann berst nú við kerfið til að fá þessa aura og gengur því miður brösulega - sjö hundruð þúsund krónur eru auðvitað engin ósköp fyrir slíkan grip en peningaöflin hér á landi virðast ekki sjá hlutina í því ljósi. Og vandinn á sér ákveðnar skýringar - það er að vissu leyti skiljanlegt að fjármunir fáist ekki í slíkt verkefni. Uppfinningamenn hafa nefnilega í gegnum tíðina verið litnir hornauga - það er ekki auðvelt hlutskipti að vera uppfinningamaður á Íslandi frekar en annars staðar. Þeir eru ófáir veggirnir sem þessir frumkvöðlar rekast á innan kerfisins. Mennirnir hafa jú alltaf verið þekktir fyrir að taka nýjungum með fyrirvara - og uppfinningamenn kljást við þann vanda daglega. Og vandinn eykst enn þá frekar þegar talað er um eilífðarvélar - það er lítið á menn sem vinna að slíku verkefni eins og lítið var á gullgerðarmennina á sínum tíma - þeir hljóta að vera vitlaustir eða þaðan af verra - ævintýramenn með enga tengingu við raunveruleikann. Menn gleyma því nefnilega að þar til hlutir koma fram eru þeir álitnir fátánlegir, óhugsandi, óþarfir og jafnvel stórhættulegir. Áður en síminn kom fram voru notaðar dúfur og bréf - enginn kvartaði og engum datt í hug að hann gæti eftir nokkur ár talað þvert yfir heiminn í gegnum vírspotta með hjálp símtækis. Áður en sjónvarpið kom til sögunnar horfðu menn á leikrit, lásu húslestra og spjölluðu um náungann. Engum datt í hug að hann gæti eftir nokkur ár séð hreyfimyndir af fjarlægum löndum, síðum og stríðum. Líklega á það sama við um eilífðarvélin - þar sem hún er ekki til í dag hlýtur hún að vera óhugsandi og því eru þeir sem halda öðru fram í besta falli draumóramenn, í versta falli? ja, förum ekki út í það hér. Ef hins vegar það gerðist á næstu árum að eilífðarvélin kæmi fram yrði hún líklega fljótt hluti af daglegu lífi okkar, þætti jafnsjálfsögð og síminn og sjónvarpið er í lífi okkar í dag - það yrðu líklega fljótt til ótal útfærslur og tegundir af vélunum góðu. En í dag er því miður enn þá fásinna að hugsa um þessa hluti, hvað þá reyna að framkvæma þá - því hefur ekki gengið að fá fjármagn til að klára vélin góðu en það breytist vonandi fljótlega. Og gleymum því ekki að ef græjan góða virkar myndi Ísland komast á spjöld sögunnar - þetta yrði staðurinn þar sem eilífðarvélin var fundin upp - menn kæmu í pílgrímsferðir til að skoða herlegheitin!